



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi
Erindi nr. P 137/528
komudagur 6.7.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. júlí 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hvali, 112. mál.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn frá Sjómannasambandi Íslands um frumvarp til laga um hvali. Er gert ráð fyrir að ný heildarlög verði sett í stað eldri laga um hvalveiðar sem eru frá árinu 1949.

Í sjálfu sér er ekki óeðlilegt að heildarlöggjöf um hvalveiðar sé endurskoðuð með hliðsjón af þjóðfélagsbreytingum og þróun í stjórnsýslurétti. Spurningin er hins vegar um þann tímamark sem valinn er til að gera breytingarnar og þann tímaramma sem ætlaður er til verksins. Þær tilfinningar skjóta óneitanlega upp kollinum að tillaga að nýrri löggjöf sé fyrst og fremst sett fram með það markmið í huga að stöðva hvalveiðar.

Varðandi efni frumvarpsins gerir Sjómannasamband Íslands athugasemd við heiti frumvarpsins. Eðlilegra væri að frumvarpið bæri yfirskriftina „Frumvarp til laga um hvalveiðar“, en frumvarpinu er ætlað að setja ramma um veiðarnar til að tryggja m.a. ábyrga og sjálfbæra nýtingu hvalastofna. Ekki er umdeilt að allar auðlindir, þar með talið hvalastofna, beri að nýta á hagkvæman, ábyrgan og sjálfbæran hátt. Sjómannasamband Íslands ítrekar þá skoðun innan sambandsins að hvalastofna beri að nýta eins og aðrar auðlindir þjóðarinnar.

Í 4. mgr. 6. greinar er ráðherra gefið allt of mikið vald að mati Sjómannasambands Íslands til að stöðva hvalveiðar án tillits til tillagna Hafrannsóknastofnunarinnar. Sjómannasamband Íslands gerir þá kröfu að ráðherra geti ekki stöðvað veiðarnar skv. 6. grein nema óumdeildar staðreyndir liggi fyrir um að veiðarnar skaði heildarhagsmunum þjóðarinnar.

Sjómannasamband Íslands gerir athugasemd við það ákvæði 8. greinar frumvarpsins að leyfi til hvalveiða séu aðeins gefin út til eins árs í senn. Eðli máls samkvæmt þarf sá sem ætlar að stunda hvalveiðar að leggja í mikla fjárfestingu og skipuleggja veiðarnar langt fram í tímann. Hætt er við að ekki verði mikill áhugi á að starfrækja veiðiskip og vinnslustöðvar ef vafi leikur á því frá einu ári til annars hvort viðkomandi fær leyfi til veiðanna á næsta ári. Sérstaklega á þetta við um stórhvalaveiðar. Sjómannasamband Íslands leggur því áhersu á að leyfi til veiðanna verði gefin út til lengri tíma en eins árs í senn.

Samkvæmt 17. grein frumvarpsins falla öll leyfi úr gildi sem gefin eru út samkvæmt eldri lögum. Sjómannasamband Íslands leggur til að ákvæði verði bætt við greinina um að leyfi sem gefin eru út á grundvelli eldri laga verði jafnframt endurnýjuð á grundvelli nýrra laga.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson